



## Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 14. fundur, 11. mars 2008.

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt fjórtánda fund sinn þriðjudaginn 11. mars 2008, kl. 17:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.

### Málefni:

1. Uppdrættir Jóns Guðmundssonar arkitekt
2. Staða verka og tímasetningar

### Afgreiðslur:

1. Farið var yfir uppdrætti frá Jóni Guðmundssyni arkitekt. Byggingarnefnd er sammála um að stækka aðeins tengigang, breikka hurðir úr anddyri til suðurs og út á svalir úr þreksal. Að öðru leiti er nefndin mjög sátt við framlagðar teikningar.
2. Farið var yfir stöðu verka í hönnunarvinnu og tímasetningar. Lagðar fram tillögur um vatnsrennibrautir og samþykkt að vinna áfram að útfærslu þeirra. Samþykkt að leggja fram nýja tímaramma og kostnaðarmat á næsta fundi.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 19.00.

Héðinn Sigurðsson, formaður  
Ágúst Þór Bragason, bæjarfulltrúi  
Guðmundur Haraldsson, umsjónarmaður íþróttamiðstöðvar  
Stefán Árnason, byggingafulltrúi